



Verk Eyglóar Harðardóttur.

Leiðsögn í Grafarvogi

Sunnudaginn 23. ágúst 2020 er boðið til leiðsagnar um þrjú af verkum útisýningarinnar Yfir Gullinbrú, í Grafarvogi.

Birta Guðjónsdóttir sýningarstjóri og Eygló Harðardóttir myndlistarmaður, taka á móti gestum við verk Eyglóar kl. 16.00. Þaðan verður farið að verkum Þórdísar Öldu Sigurðardóttur og Elisabetar Brynhildardóttur, sem báðar segja frá verkum sínum.



Goddur verður í Hönnunarsafninu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Goddur lýkur rannsókn sinni

Sunnudaginn 23. ágúst kl. 13 mun Guðmundur Oddur Magnússon, Goddur, flytja erindi í Hönnunarsafni Íslands. Erindið ber yfirskriftina Stofnendur FÍT og frumherjar grafískrar hönnunar á Íslandi, og mun Goddur rekja niðurstöður rannsókna sinnar, en hann hefur haft aðsetur í Hönnunarsafninu allt frá því í mars. Aðeins 12 gestir komast að vegna sóttvarnareglna en miðasala fer fram á Tíx, fyrirlesturinn verður tekinn upp og gerður aðgengilegur á heimasíðu og Facebook-síðu Hönnunarsafns.

Donadello í Hof

Francesco Donadello, náinn samstarfsmaður Hildar Guðnadóttur, er væntanlegur í Menningarhúsið Hof á Akureyri til að starfa með upptökuteymi SinfoniaNord.is-verkefninu og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Hljómsveitarstjórinn Bjarni Frimann mun stjórna hljómsveitinni að þessu sinni.

Francesco hljóðblandaði tónlist Hildar við verðlaunasjónvarps-seríuna Chernobyl og hefur meðal annarra unnið með ítalska tónskáldinu Ennio Morricone, Jóhanni Jóhannssyni, Thom Yorke söngvara Radiohead, bandaríska tónskáldinu Dustin O'Halloran og breska tónlistarmanninum David Sylvian.



Fjölskyldur búa við mikil þrengsli og það að vera flóttamaður takmarkar mjög daglegt líf íbúanna.

Bið og von flóttamanna í Berlín

Rannveig Einarsdóttir heimsótti flóttamannaheimili í Berlín og tók myndir af íbúunum. Útkoman er ljósmyndabók. Næsta verkefni er ljósmyndabók um Rómafólk.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Provisional Life er ljósmyndabók eftir Rannveigu Einarsdóttur, ljósmyndara og félagsálfræðing, en hún er búsett í Berlín. Ljósmyndirnar eru teknar á þrjú ára tímabili og sýna fólk sem þurfti að flýja heimaland sitt og búa tímabundið á flóttamannaheimili í Þýskalandi. Portrettmyndir eru af íbúunum, myndir af daglegu lífi þeirra og herbergjunum sem þau bjuggu í.

„Í þrjú ár heimsótti ég vikulega flóttamannaheimili í Berlín og tók myndir af íbúunum og húsnæðinu sem fólk þjó í. Í Provisional Life sýni ég hvernig búið er að flóttafólki í Þýskalandi,“ segir Rannveig. „Það að vera flóttamaður og búa á flóttamannaheimili takmarkar daglegt líf íbúanna, sem einkennist af reglum og bið og von um að fá dvalarleyfi. Myndirnar eiga að sýna hvernig þetta hefur áhrif á íbúana, bæði börn og fullorðna.“

Búa við einangrun

Spurð hvernig aðstæður fólk þú búi við á þessu flóttamannaheimili segir Rannveig: „Á þessu flóttamannaheimili búa yfirleitt um 250 manns. Rýmið sem einstaklingar eða fjölskyldur fá úthlutað er takmarkað. Eitt eldhús eða tvö eru á hverri hæð, eftir því hvað hæðin er stór og svo er sameiginlegt bað og klósett. Þarna er mjög þröngt. Meðal þeirra sem ég myndaði voru tveir unglingsstrákar, 14 og 16 ára, sem bjuggu með foreldrum sínum í mjög litlu herbergi sem hefur



Rannveig heimsótti flóttamenn vikulega í þrjú ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Áhyggjur og kvíði setja vitanlega sitt mark á íbúana, líka börnin.

sennilega verið um 20 fermetrar. Í því var borðað, lært, unnið og sofð.“

Hún segir að íbúarnir hafi tekið henni mjög vel. „Örugglega að hluta til vegna þess að þeir búa við einangrun og taka ekki þátt í daglegu lífi í samfélaginu. Fólk þú hefur ekkert samband við aðra utan flóttamannaheimilisins, nema þá embættismenn og afgreiðslufólk. Þau vildu vera í sambandi við venjulegan borgara í Þýskalandi og voru því forvitin um mig og ennþá forvitnari af því ég kom frá Íslandi. Gestrisnin var mikil, þegar ég kom var eldaður matur og ef ekki var matur þá var kökuhlaðborð, te og kaffi. Þau töluðu arabísku og ég þýsku, sem var að mörgu leyti áhugavert því við þurftum að horfa mikið hvert á annað til að gera okkur skiljanleg.“

Kvíði og áhyggjur

Hún segir kvíða og áhyggjur hafa verið áberandi hjá mörgum íbúanna. „Mörgum hafði reynst afar þungbært að skiljast við ættingja og vini og þau voru síspyrjandi sig hvað væri að gerast heima. Auk þess áttu sum þeirra alltaf von á að vera vísað úr landi og vitaskuld fylgir því mikið álag að vita ekki hvað biður manns.“

Rannveig gaf bókina út sjálf og hún er seld í helstu ljósmynda- og listaverkabúðum í níu löndum, þar á meðal vitanlega hér á landi. „Það hefur gengið mjög vel að koma henni á framfæri,“ segir hún.

Næsta stórverkefni Rannveigar er ljósmyndabók um Rómafólk, sem hún myndar í Bosnía. „Ég hef farið fimm sinnum þangað á síðustu þremur árum og stefni á fleiri ferðir eftir COVID,“ segir hún.